

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/1/EB

2012/EES/32/01

frá 7. janúar 2009

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra í því skyni að laga hana að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 2005/64/EB er ein sértilskipananna í tengslum við EB-gerðarviðurkenningaraðferðina sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(2)</sup>.
- 2) Nauðsynlegt er að setja ítarlegar reglur til að unnt sé að sannreyna, innan ramma forkönnunar á framleiðandanum, sem um getur í 6. gr. tilskipunar 2005/64/EB, hvort smíðaeafnin, sem notuð eru við smíði á gerð ökutækis, uppfylli ákvæði a-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki <sup>(3)</sup>.
- 3) Einkum er viðeigandi að tryggja að lögbær yfirvöld geti sannreynt, að því er varðar endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika, að til staðar sé samningsbundið fyrirkomulag á milli hlutaðeigandi framleiðanda ökutækja og birgja hans svo og að tilkynnt sé á tilhlýðilegan hátt um kröfur varðandi endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika sem slíkt fyrirkomulag felur í sér.

- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á sviði ökutækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við tilskipun 2005/64/EB með því að bæta við nýrri 4. mgr.:

- „4.1. Að því er varðar forkönnunina skv. 6. gr. tilskipunar 2005/64/EB skal þess krafist að framleiðandi ökutækja sýni fram á með samningsbundnu fyrirkomulagi við birgja sína að tryggt sé að farið sé að a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB.
- 4.2. Að því er varðar forkönnunina skv. 6. gr. tilskipunar 2005/64/EB skal þess krafist að framleiðandi ökutækja setji verklagsreglur um eftirfarandi:
  - a) að tilkynna starfsfólki sínu og öllum birgjum um þær kröfur sem gilda,
  - b) að hafa eftirlit með því og tryggja að birgjar fari að þessum kröfum,
  - c) að safna viðeigandi gögnum að því er varðar aðfangakeðjuna í heild,
  - d) að skoða og sannreyna upplýsingar sem berast frá birgjum,
  - e) að bregðast við á fullnægjandi hátt ef gögn berast frá birgjum sem gefa til kynna að ekki sé farið að kröfum samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/53/EB.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 14.1.2009, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 7.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

4.3. Að því er varðar lið 4.1 og 4.2 skal þess krafist að framleiðandi ökutækja noti, í samráði við þar til bærán aðila, ISO-staðal 9000/14000 eða aðra staðlaða gæðatryggingaráætlun.“

2. gr:

Frá og með 1. janúar 2012 skulu aðildarríkin, af ástæðum er varða endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika, synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir nýjar gerðir ökutækja ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2005/64, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

3. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. febrúar 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 4. febrúar 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau

verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem þessi tilskipun nær til.

4. gr:

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. janúar 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*